

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um stefnumótun í sérkennslumálum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fara þess á leit við skóla- og frístundasvið:

- a) að borgin móti sér heildstæða stefnu í sérkennslumálum.
- b) að árangur sérkennslu verði mælanlegur á einstaklingsgrunni og milli skóla.
- c) að fjármagn sérkennslu til skóla byggist á mælingum (fjölda, þörf o.s.frv.).
- d) að sérkennslan verði skilgreind að fullu þannig að skýr greinarmunur verði á stuðningskennslu annars vegar og hins vegar sérkennslu sem kemur alfarið í staðinn fyrir bekkjarnámsefni jafningja sinna (hve margir nemendur eru í hvorum hóp, hvað er á bak við hvern hóp (greiningar, skimanir o.s.frv.)).

Greinargerð:

Í svari skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn Flokks fólksins um greiningar og sérkennsluþörf kemur eftirfarandi fram:

1. Að engin rannsókn eða heildarúttekt hafi verið gerð á framkvæmd sérkennslu í skólum borgarinnar og því sé ekki hægt að vita hvort sérkennslan sé að nýtast börnunum.
2. Kostnaður vegna sérkennslu beggja skólastiga fyrir árið 2017 var um 4,5 milljarðar á síðasta ári.
3. 30% nemenda grunnskólans eru að jafnaði í sérkennslu.

Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst alvarlegt að ekkert er vitað um hvort og þá hvernig sérkennsla er að nýtast börnunum og hver sé ávinningurinn fyrir börnin sem sum eru í sérkennslu, jafnvel alla grunnskólagönguna.

Skóla- og frístundasvið rennir blint í sjóinn með hvernig þetta fjármagn nýtist börnunum þar sem engar samræmdar árangursmælingar hafa verið gerðar. Það sem rannsóknir hafa hins vegar sýnt og sjá má í tölum sem gefnar hafa verið út af menntamálaráðuneytinu er að um 30% drengja og um 12% stúlkna geti hvorki lesið sér til gagns né til gamans við lok grunnskóla.

Enn fremur segir í svari skóla- og frístundasviðs að:

1. Ekki er sótt um sérkennslu fyrir börn nema sterkar líkur séu á að þau þarfnist sértækrar aðstoðar oftast að undangengnum skimunum og mati með viðeigandi matstækjum.
2. Skimun, samræmd próf og námsmat er lagt til grundvallar við skipulag almennar sérkennslu í skólum.
3. Í þeim skólum sem hafa menntaða sérkennara eru námslegar greiningar á einstökum nemendum gerðar.
4. Ekki er vitað hvernig málum er háttað í skólum sem hafa ekki menntaða sérkennara.

Af þessu að dæma er margt í lausu lofti þegar kemur að sérkennslumálum í borginni. Skortur á heildrænni stefnu, yfirsýn og skýrum mælanlegum markmiðum koma fyrst og fremst niður á börnunum sem þarfnast þessarar þjónustu. Sérkennsla getur varað í langan tíma eða verið tímabundin. Sum börn eru í sérkennslu alla skólagöngu sína. Ekki heldur í þeim tilfellum virðist árangur vera mældur en hver skóli ber sjálfur ábyrgð á hvernig hann nýtir fjármuni til sérkennslu.

Hagstofa Íslands mælir að einhverju leyti árangur af sérkennslu og byggir á gögnum sem kallað er eftir frá skólum. Ekki er vitað hve nákvæmlega upplýsingarnar eru greindar eða hversu nákvæmar þær eru. Gera má þó ráð fyrir að upplýsingar séu til um fjölda barna sem eru í sérkennsluveri og/eða inni í bekkjum.

Við öflun upplýsinga hlýtur að vera mikilvægt að gera greinarmun á hvort nemendur eru að koma einu sinni í viku til sérkennara eða daglega, og kannski í nokkrar kennslustundir í einu. Stór munur getur verið á því hvort nemandi er að koma einu sinni í viku í eina klukkustund eða einu sinni í viku í fjórar klukkustundir eða er í sérkennslu 10 tíma á viku kannski allt skólaárið og jafnvel með aðstoð inn í bekk að auki og hins vegar nemendur sem koma 2-4 kennslustundir í viku í afmarkaðan tíma, kannski í tvo mánuði eða skemur.

Sé ekki gerður greinarmunur á þessu er ekki skrítið að hátt hlutfall grunnskólanema flokkist í sérkennslu. Hópur þeirra barna sem þarfnast sérkennslu er fjölbreyttur. Sumum nemendum nægir að fá að vinna í smærri hóp með leiðsögn þar sem þau fylgja engu að síður bekkjarnámsefninu. Aðrir nemendur hafa verið greindir með sértæka námserfiðleika eða annan námslega vanda sem kallar á sérefni, einstaklingsnámskrá og sér námsáætlun. Margir þessara nemenda eru einnig með stuðningsfulltrúa inn í bekk.

Það getur verið erfitt fyrir sérkennara að vera með nemendahóp á breiðu getustigi. Við slíkar aðstæður má ávallt velta vöngum yfir hvort börnin séu að fá námslegum þörfum sínum fullnægt á sínum forsendum. Stundum er staðan þannig í skólum að erfitt er að skipta upp hópum vegna plássleysis.

Allt þetta hlýtur að koma til skoðunar þegar rætt er um árangur sérkennslu. Til að mæla árangur þurfa að liggja fyrir grunnmælingar í byrjun sérkennslu; skimanir, sálfræðigreiningar eins og WISC greindarpróf og önnur gögn. Niðurstöður liggja þá fyrir við upphaf sérkennslu og að ákveðnum tíma liðnum eru mælingar endurteknar og þá kemur í ljós hvort markmið er að nást að hluta til eða öllu leyti. Endurmat á sérkennsluþörf yrði síðan byggt á niðurstöðum prófana. Hér er annars vegar verið að ræða um einstaklingsmælingar en síðan skiptir ekki síður máli að mæla samræmt og þá fyrst er hægt að svara þeirri spurningu hvort sérkennsla sú sem verið er að veita börnunum sé að skila tilætluðum árangri.